

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.

BYKO gluggar.

Viðhald og umhirða:

Viðhaldstíðni glugga og hurða fer eftir notkun og aðstæðum hverju sinni.

Skrár og lamir:

Þarf að smyrja eftir þörfum, eða minnst tvisvar á ári. Smyrja skal með sýrulausri olíu eða feiti á alla núningsfleti.

Tæring getur orsakast af ýmsum ástæðum, t.d sýrur, loftmengun o.s.f.

Sérstaklega þarf að huga að lömum og skrám í gluggum og hurðum á svæðum í og við iðnaðarhverfi, við miklar umferðargötur og síðast en ekki síst á svæðum nálægt sjó. Í þessum tilfellum þarf að smyrja skrár og lamir oft en á öðrum stöðum.

Olíubornir Gluggar og hurðir:

Bera á reglulega með viðarolíu, ekki er hægt að segja til nákvæmlega hve oft, það fer eftir því hve mikið mæðir á viðnum, sólarljós og/eða rigning. Mælt er með að borið sé minnst einu sinni til tvisvar á ári.

Þetta á einnig við um **málaða glugga** og hurðir, endurmálun fer mikið til eftir því hve mikið mæðir á viðnum. Leitið upplýsinga um framkvæmd endurmálunar og olíuburð hjá sérfræðingum í málningardeildum BYKO.

Álklæddir gluggar:

Plastfilmu skal fjarlægja eins fljótt og hægt er af álkápunni. Álkápu skal þrifa reglulega með volgu vatni.

Nánari upplýsingar um viðhald og umhirðu má nálgast hjá sölumönnum gluggadeildar BYKO og auk þess á www.byko.is